

ÚtgefandiLæknafélag Íslands
Læknafélag Reykjavíkur**Ritstjórn**Jóhannes Björnsson,
ritstjóri og ábyrgðarmaður
Bryndís Benediktsdóttir
Engilbert Sigurðsson
Gunnar Guðmundsson
Inga S. Práinsdóttir
Tómas Guðbjartsson
Þóra Steingrímsdóttir**Ritstjórnarfulltrúi**Védís Skarphéðinsdóttir
vedis@lis.is**Blaðamaður og ljósmyndari**Hávar Sigurjónsson
havar@lis.is**Auglýsingastjóri og ritari**Dögg Árnadóttir
dogg@lis.is**Umbrot**Sævar Guðbjörnsson
saevar@lis.is**Upplag**

1800

Áskrift

9.500,- m. vsk.

Lausasala
950,- m. vsk.**Prentun, bókkband og pökkun**Prentsmiðjan Oddi
Höfðabakka 3-7
110 Reykjavík**© Læknablaðið**

Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdrættir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213



Mikilvægt samstarf

Norræna læknaráðið fundaði á dögunum í Hlíðasmára. Ráðið skipa formenn landsfélaga lækna á Norðurlöndunum og er mikilvægur samstarfsvettvangur um norræn málefni lækna og ekki síður útávið til Evrópu og alþjóðlega. Efni fundarins voru hagsmunir lækna sem starfa á Norðurlöndunum og skyldur viðkomandi læknafélags gagnvart læknum sem flust hafa á milli landanna. Að sögn Birnu Jónsdóttur formanns LÍ hefur sameiginleg stefnumótun læknaráðsins á alþjóðlegum vettvangi skilað góðum árangri á undanförmum árum.

Á myndinni eru f.v.: frá norska læknafélaginu Björn Oscar Hoftvedt læknir, Torunn Janbu formaður, frá sænska læknafélaginu Gabriella Blomberg starfsmaður, Bente Hyldahl Fogh framkvæmdastjóri danska læknafélagsins, Heikki Pälve framkvæmdastjóri finnska læknafélagsins, Eva Nilson Bågenholm formaður sænska læknafélagsins, Timo Kaukonen formaður finnska læknafélagsins, Sólveig Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri LÍ, Hákan Wittgren læknir frá sænska læknafélaginu og Birna Jónsdóttir formaður LÍ.

LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

Arnfinnur Amazeen (f. 1977) fluttist til Kaupmannahafnar eftir nám í Listaháskólanum og framhaldsnám í Glasgow í Skotlandi, þaðan sem hann útskrifaðist árið 2006.

Á samsýningu Kling og Bang gallerisins í Kaupmannahöfn á dögunum sýndi hann nýtt verk sem ber heitið „**Dronningens kønsorganer og giftkirtler**“ (Æxlunarfæri og eiturskirtlar drottningarinnar, 2009, 70x100 sm). Þar getur að líta gamla náttúrufræðiteikningu sem sýnir líffæraskipan býflugnadrottningar en Arnfinnur hefur tekið hana inn í tölvu og krotað þar yfir hluta hennar. Allar upplýsingar sem fylgja gömlu myndinni eru huldar, nema þær sem endurspeglast í heiti verksins. Úr verður hálfgerður orðaleikur enda verkið unnið og sýnt í Danmörku þar sem drottning ræður ríkjum. Þá kemur það fram nú á þeim tíma þegar umræðan um orsakir órrar fækkunar býflugna í veröldinni er í algleymingi.

Sjálfur segir listamaðurinn um verk sín að þau séu einhvers konar „útúrsmúningur á fundnu efni“. Stundum hefur verið sagt um þessa gerð myndlistar að þar sé listamaðurinn í hlutverki sjónræns

plötusnúðar sem tekur inn efni allsstaðar að og blandar á þann hátt sem þykir hæfa hverju sinni. Þá skiptir samhengisleysið ekki

síður máli en það samhengi sem kann að leynast í blönduninni, eins og hugmyndafræðingar póststrúktúralismans sýndu fram á á sjöunda áratugnum. Víkið er frá hugmyndinni um afmarkað inntak og heild með áherslu á gjöldi fjölbreyttrar túlkunar. Arnfinnur leikur sér gjarnan í þessum anda að samsetningu myndar og texta, stundum eru viðfangsefni úr ólíkum áttum eða eins og hér, þar sem hann afbyggir upplýsingar sem eru fyrir hendi í einni og sömu myndinni. Verk hans bera með sér kæruleysislegt yfirbragð, rétt eins og gula krotið er dæmi um, en það er meðvitað ákvörðun því eins og dæmin sanna er Arnfinnur sérstaklega dráttagur þegar sá gállinn er á honum. Ásamt því að vinna með teikningar notar hann ljósmyndir og innsetningar auk áherslunnar á texta eins og áður

er getið um. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu listamannsins: <http://www.arnfinnuramazeen.dk/>

Markús Þór Andrésson

